

Miðvikudaginn 20. maí 1992.

Nr. 202/1992. **Ákærvaldið**

gegn

Eyvindi Ólafssyni.

Kærumál. Farbanni aflétt.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Kærunni var lýst við uppkvaðningu úrskurðarins.

Ríkissaksóknari hefur sent Hæstarétti greinargerð og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Jafnframt er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðila var fyrst gert að sæta farbanni með úrskurði saka-dóms Reykjavíkur 12. desember 1991. Farbannið var framlengt með úrskurði sama dómstóls 5. febrúar 1992 og aftur 3. apríl sama ár. Varnaraðili kærði síðastnefndan úrskurð til Hæstaréttar, sem staðfesti hann með dómi 8. sama mánaðar.

Svo sem greint er frá í hinum kærða úrskurði, var ákæra gefin út á hendur varnaraðila 29. apríl sl. Hann er ákærður fyrir umfangsmikil auðgunar- og skjalafalsbrot. Ákæran var birt ákærða 13. þ.m. og málið þá þingfest í sakadómi Reykjavíkur. Gagnaöflun fyrir dómi lauk 19. þ.m., og er málflutningur fyrirhugaður 25. þ.m. Samkvæmt upplýsingum skipaðs verjanda varnaraðila hefur hann veitt verjandanum umboð til að taka við birtingu dóms og segja til um áfrýjun, ef til kemur.

Hinn kærði úrskurður var byggður á þeim forsendum, að tryggja þyrfti nærveru varnaraðila við réttarhöld þau, er þá voru fram undan í máli ákærvaldsins gegn honum. Verður að telja, að niðurstaða héraðsdómara hafi verið rétt. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir, eru framangreindar forsendur hins vegar ekki lengur fyrir hendi. Af hálfu ríkissaksóknara hafa ekki verið færð fram rök fyrir nauðsyn þess, að varnaraðili sæti farbanni áfram.

Þykja ekki efni til að framlengja farbannið frekar en orðið er, og verður því þess vegna létt af varnaraðila.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Farbanni er létt af varnaraðila, Eyvindi Ólafssyni.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 6. maí 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 6. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Úlfari Lúðvíkssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Eyvindi Ólafssyni, kt. 251252-4599, með dvalarstað að Hvammabraut 10, Hafnarfirði, en með lögheimili að Ármúla 38, Reykjavík, verði gert að sæta áframhaldandi farbanni frá lokum þess farbands, sem rennur út kl. 16.00 í dag, þar til dómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til þriðjudagsins 1. september nk.

Hinn 29. apríl sl. gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur framangreindum Eyvindi Ólafssyni fyrir stórfelld skjalafals- og auðgunarbrot. Vegna rannsóknar mála þeirra, sem ákæra er reist á, hefur ákærði sætt farbanni frá 12. desember 1991. Rennur það út kl. 16.00 í dag. Áður hefur komið fram rökstuddur grunur þess efnis, að ákærði hafi fyrirhugað að fara af landi brott, og hefur hann ekki dregið dul á það.

Með vísan til þess, er að framan er rakið, og skírskotun til 72. gr. laga nr. 74, 1974, telur dómurinn rétt til þess að tryggja nærveru kærða við réttarhöld þau, sem fram undan eru í máli hans, að verða við kröfu ákærvaldsins um áframhaldandi farband, eins og krafa er fram sett. Skal kærði sæta farbanni með þeim skilmálum, sem greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Eyvindur Ólafsson, kt. 251252-4599, skal halda sig innan íslenskrar lögsögu, og er honum meinuð för frá Íslandi, uns dómur fellur í héraði um sakarefni málsins, þó eigi lengur en til þriðjudagsins 1. september nk. kl. 16.00.